

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga  
Litlubrú 2  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 3. maí 2023  
UST202205-364/P.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Lónsöræfi - skálavarðahús**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Austur-Skaftfellinga, dagsett 30. maí 2022 um leyfi til byggingu skálavarðarhúss innan Lónsöræfa.

Lónsöræfi eru friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að reisa 20 m<sup>2</sup> skálavarðahús auk palls innan lóðar sem ferðafélagið er með á leigu innan Lónsöræfa. Nú þegar eru innan lóðarinnar Múlaskáli og salernishús. Ekki er gert ráð fyrir rennandi vatni eða fráveitu frá skálavarðahúsinu. Teikningar sem sýna hönnun hússins og afstöðumynd fylgdi með umsókn. Um er að ræða timburhús á einni hæð með standandi timburklæðningu á veggjum og bárujárn á þaki. Útlit hússins er í samræmi við önnur hús á svæðinu. Undirstöður fyrir húsið verða steyptar á staðnum en húsið sjálft flutt í einingum með þrylurum á svæðið. Fulltrúara byggingarfyrirtækis sem byggði húsið mun reisa það. Að verkinu koma að hámarki 10 manns á tímabilinu 10-25. júní 2023. Skv. aðalskipulagi er svæðið skipulagt sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

#### **Umsagnir:**

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Vatnajökulsþjóðgarðs þann 13. júní 2022 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs barst þann 15. júní 2022. Í umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs kemur fram að þjóðgarðurinn gerir engar athugasemdir við fyrirhugaða byggingu skálavarðarhúss við Múlaskála í Lónsöræfum.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins þar sem byggingareiturinn er á áður röskuðu svæði, framkvæmd afturkræf, útlit hússins í samræmi við aðrar byggingar á svæðinu og ekki er verið að fjölga gistirýmum.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Ferðafélagi Austur-Skaftfellinga fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu skálavarðarhúss innan Lónsöræfa sbr. lýsingu hér að ofan frá dagsetningu þessa bréfs til 25. júní 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægð.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt en skv. aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem afþreyingar og ferðamannasvæði. Í greinagerð með skipulaginu er gert ráð fyrir tjaldsvæði, áningarstað og skála á svæðinu en gera skuli grein fyrir útfærslu í deiliskipulagi. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. í lögum nr. 123/2010 um skipulag er tekið fram að þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn eða sá aðili sem heimild hefur til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 6. gr., ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu. Mat Umhverfisstofnunar er að þar sem um friðlýst svæði er að ræða þurfi deiliskipulag að liggja fyrir eða sveitarfélagið að láta fara fram grenndarkynningu vegna framkvæmdarinnar svo þeir sem geta átt hagsmuna að gæta svæðinu geti gert athugasemdir

Framkvæmdaleyfi sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins þarf fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
*svæðissérfræðingur*